

51. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kostnað við ómála flutning til Íslands.

1871.
26. júní.

Með bréfi 24. febr. þ. á. hefir amtið sent hingað bænarskrá, þar sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefir sókt um, að jafna megi niður þeim 50 rd., sem borgaðir hafa verið fyrir flutning ómála unglings Kristjáns Jónssonar frá Kaupmannahöfn til Íslands vorið 1869, á alla hreppa amtsins, og með því ekki virðist vera nein ástæða til, að framfærsluhreppur hlutadeiganda greiði þetta gjald, þar sem allur kostnaður við ómála flutninga til hins konunglega ómála-skóla í Kaupmannahöfn, og dvöl þeirra þar, er að öðru leyti goldinn af öllu amtinu, ef ættingjar ómálans hafa ekki efni til, hefir amtið jafnframt farið þess á leit, að því verði veitt heimild til að borga flutningskaupið á tæðan hátt.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér anglýsið það, og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu amtsins.

52. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um uppgjöf á staðfestingar-gjaldi veitingarbréfs fyrir prestakalli.

27. júní.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, með bréfi 12. apríl þ. á. hafið sent hingað bænarskrá, þar sem presturinn að Tjörn og Upsum í Eyjafjarðarsýslu, séra Hjörleifur Guttormsson, hefir sókt um, að sèr verði gefið upp gjald það, 14 rd. 48 sk., sem ber að greiða fyrir konunglega staðfestingu veitingarbréfs hans, 9. apríl 1869, frá stiptsyfirvöldunum yfir Íslandi fyrir Hvamms brauði í Dalasýslu, hafið þér vottað, að sækjandi hafi ekki tekið við Hvamms brauði, að honum hafi verið veitt í staðinn fyrir það annað prestakall, sem hann nú hefir, og að efnahagur hans sè lítill, og hafið þér mælt með því, að það verði veitt, sem hann hefir sókt um.

1871.

27. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtíð það sèra Hjörleifi Guttormssyni, að stjórnarráðið eptir atvikum veitir það, sem sókt er um, og skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað hlutaðeiganda amtmanni, að senda hingað tæða staðfestingu, svo hún verði gjörð ógild.

27. júní.

53. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi, um styrk handa Íslenzkri prestsekkju, sem býr í Kaupmannahöfn.

Útaf því að reikningsmálastjórnardeildin í úrskurði sínum við 3. athugasgrein við reikningana fyrir 1867 og 1868 um útbýtingu þeirra 400 rd., sem með konungsúrskurði 13. maí 1785 eru veittir árlega handa prestsekkjum á Íslandi og börnum þeirra, hefir álitíð nauðsynlegt að hafa leyfi stjórnarráðsins fyrir, að ekkja eptir Dr. Philos. sèra Gísla Brynjúlfsson að Hólum í Suðurmúlasýslu, sem fyrir löngu er dáinn, megi halda styrk þeim, sem henni hefir verið veittur hin síðustu 20 ár af tæðum 400 rd., þótt hún búi hér í borginni, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, getið þess, að tæð prestsekkja, sem bæði er þessa makleg, og jafnframt efnalítill, hvorki hefir eptirlaun af Hólma prestakalli nè nokkurn annan opinberan styrk á Íslandi, og farið þess á leit, að þetta leyfi verði veitt, og að stjórnarráðið samþykki, að henni hafi verið veittir á þessu ári 16 rd., eins og áður.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið veitir leyfi það, sem sókt er um, og samþykkir, að tæð prestsekkja haldi styrknum.